


Myndun hjarða og nótaveiðar

Valdimar Ingi Gunnarsson
Hafrannsóknastofnunin



Efnistöð

- Veiðar í þorsknót á Íslandi
- Uppbygging þorsknótar
- Af hverju nótaveiðar við föngun á þorski?
- Föngun í nót: Tvær leiðir
- Nótaveiðar: Hamlarnir og tækifæri
- Til umhugsunar




Veiðar í þorsknót á Íslandi

- Veiðar á hrygningarþorski
 - Stundað við sunnanvert landið 1963-1969
 - Dæmi um að afli báta hafi verið 400-600 tonn á tveimur vikum
- Veiðar á smáþorski
 - Stundaðar við Norðurland, einkum á Þistilfirði, Skjálfanda og Eyjafirði
 - Veiðitímabilið stóð frá seint í apríl fram í lok júlí
 - Meðalafli hjá stærri bátum (20-40 tonn) yfirleitt meiri en 200 tonn
 - Hjá minni bátum (< 20 tonn) sjaldan meira en 50 tonn

Uppbygging þorsknótar

- Þorsknætur í kringum 1960-1970:
 - Stærð, 420 x 110 m niður í 140 x 28 m
 - Möskvastærð 110 mm
 - Minna flot og minni þynging en á síldarnótum
- Tilraunarnót fyrir þorsk 2007
 - Stærð, 192 x 33 metrar
 - Möskvastærð, 33 mm




Af hverju nótaveiðar við föngun?

- Getur farið vel með fiskinn
 - Að mörgu leiti hentugt fyrir föngun á fiski, þrengir ekki að honum, hægt að láta synda yfir í söfnunarkví.....
- Þekkt aðferð við föngun á fiski
 - Áframeldi á túnfiski byggist nær eingöngu á nótaveiðum
 - Áratuga reynsla af föngun á ufsa í nót í Noregi. Hafa t.d. verið með um 25.000 tonn tímabundið í geymslu í lásam/kvíum.
 - Síld, makrill og brislingur fangaður í nót og geymdur lifandi

Föngun í nótt: Tvær leiðir?

- **Á litlu dýpi**
 - Fanga þorskinn inn í fjörðum á litlu dýpi, t.d. á Aðalvík
 - Þarf að vera ákveðinn þéttleiki af fiski til að gera föngunina arðbæra
- **Á miklu dýpi**
 - Viðfangsefni að koma í veg fyrir að sundmagi springi og þorskur þjappi sér niður í botn nótarinnar og kafni
 - Lausn?, nota fóðurstöðvar til að laða þorskinn upp í yfirborð





Nótaveiðar: Hamlarnir

- Staðreynd
 - Óheimilt að veiða eða fanga þorsk í nót á Íslandi skv. lögum eins og í Noregi
- Slæmt umtal – Af hverju?
 - Vegna þess að verið var að fanga stóran hrygningarþorsk við suðurströnd landsins – Fisk sem náðist takmarkað í önnur veiðafæri.....



Nótaveiðar: Af hverju ekki líka við?

- Nótaveiðar heimilaðar innfjarðar með stórum skipum s.s. við síldveiðar:
 - Af hverju er þá ekki heimilt að fanga smáan þorsk inn í fjörðum fyrir áframeldi? Hugsanlega skaðsemi s.s. á botni er vart meiri fyrir þorskveiðar en síldveiðar.
- Haft skal í huga:
 - Nótaveiðar á síld er talið tiltölulega umhverfisvænt veiðafæri s.s. í samanburði við flotvörpu
 - Nótaveiðar á þorski hafa slæmt umtal, á að láta það ráða för um ákvörðunartöku?



Fóðrunarstöðvar: Hamlarnir

- Eignarréttur á fiski við fóðurstöð
 - Þóroddur og Einherji reyndu að fá heimild til að fá bann við veiðum í nágrenni fóðurstöðvar í Tálknafirði og Patreksfirði, án árangurs
 - Heimild fékkst í tilraunarverkefni Hafrannsóknastofnunnar í Arnafirði – Það reyndist þó erfitt að halda veiðimönnum frá svæðinu
- Eignarréttur ekki eins augljós og við hefðbundnar veiðar
 - Við hefðbundnar aðferðir þar sem agn er notað festist fiskur í veiðafæri (s.s. krók) eða er lokaður inni í afmörkuðu rými (s.s. gildru)
 - Með notkun fóðurstöðva er fiskur í opnu rými – Fiskurinn getur farið yfir tiltölulega stórt svæði og er því eignarréttur ekki eins augljós



Til umhugsunar

- Nótaveiðar – Hugsanleg viðfangsefni?
 - Á að leggja vinnu í að breyta lögum og fá heimild til nótaveiða á smáum þorski? - Er það fyrirhafnarinnar virði?
 - Er ekki farsælla fyrir greinina að nota þau veiðafæri sem heimilt er að nota innfjarðar?
 - Mun það ekki valda slæmu umtali fyrir greinina að eldismenn fái að fanga þorsk í nót - Af hverju ekki við líka, munu eflaust veiðimennirnir sem drepa fiskinn spyrja?
 - Eru menn ekki búnir að fá nóg af stórum skipum „upp í túngörðum”? – Eða á eingöngu að heimila nótaveiðar á þorski utan 12 mílna?

Til umhugsunar

- Fóðurstöðvar – Viðfangsefni?
 - Eru lagaflækjurnar það erfiðar að það sé vart fyrirhafnarinnar virði að reyna þessa leið?
 - Er þetta ekki kjörið verkefni fyrir mastersnema, hann gæti þá einnig skoðað lagaumgjörð fyrir hjarðeldi?
 - Er það ekki næsta skref áður en lengra er haldið?



Söguleg stund eða endir á ævintýrinu?